



Aldraðir hafðir sem afgangastærð hjá velferðarríkisstjórn vinstri flokkanna

Aldraðir eiga að fara upp á dekk og eiga að hafa hátt, reynsla er áunnin auðæfi sem ber að nýta!



Við þökkum forsjóninni, óþreytandi frumkvöðlum og því að við búum á Ísland. Við búum við verðmætti og við eigum öryggi, og við verðum að taka undir heróp Einar Ben:

Sé almúginn sínum foringjum framar, er festa hans vígsins síðasti hamar. Vaknaðu, reistu þig lýður míns lands.

Þjóðin býður eftir virkjun auðlinda þjóðarinnar og frekari nýtingu þeirra, það er verkefnið en ekki vandamál.

Spurningin er: Hvar eru tækifæri fyrir okkar unga og velmenntaða fólk í næstu framtíð? Eru sjáanleg tækifæri fyrir t.d. arkitekta, verkfræðinga, viðskiptafræðinga, lögfræðinga í þessum greinum að öllu óbreyttu? Svörin eru því miður neikvæð frá öllum sem um þessi mál fjalla.

Hvað er til ráða? Finnast engar lausnir neins staðar? Jú, sem betur fer byggjum við ríkt og gjöfult land.

Við landsmenn og líka þeir sem vilja nýta náttúruauðlindir, bændur, sjómenn og virkjunarsinnar, hafa unnið eins orkan leyfir á hverjum tíma á hagrænan hátt, með hina hagrænu náttúruvernd í huga sem felst í að stuðla að hæfilegri nýtingu og koma í veg fyrir rányrkju eða spjöll á auðlindum og hlunnindum lands og sjávar svo að heimsathygli hefur verið vakin á okkar aðferðafræði og ríkidæmi.

Þjóðin bíður eftir virkjun auðlinda, það er verkefni en ekki vandamál.

„Hvort lentuð þið þá í hálfvelgju, hiki og hugsjónaflotta, góðir menn? Hefur viljinn, sem þjó í þeim dáðfúsum draumum, sig dregið í skel fyrir vaxtarins straumum.

Þeir svari, sem vilja. En sjá hér er landið! Og sjá hér er fólkíð! Hvað vottast þar?“
(Jóhannes úr Kötlum)

Við viljum stjórnáamenn og konur sem kunna að greina hinn daglega vanda, kunna samræðulist stjórn mála, kunna að leysa það næsta óleysanlega með samstarfi og samræðu hagsmuna hópanna.

Að slá skjaldborg um réttlætið, maður við mann, það er menningin, íslenska þjóð!

(Jóhannes úr Kötlum)

Það er nefnilega krafa allra landsmanna sem lifa við raunverulega jarðtengingu við fósturjörðina að stjórnáamenn leggi af innantóma þrætubókarlist sem einkennt hefur íslenska stjórn mála umræðu allan lýðveldistímamann og einhendi sér í vitræna rökræðu um endurreisn og styrkingu varna í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.



MIKLABORG



Miklaborg óskar

Samtökum aldraðra
til hamingju með að gera
Kópavogstún 2-4
að veruleika



Fasteignasalan Miklaborg selur eignir fyrir einstaklinga, banka og stofnanir.

Við leggjum ríka áherslu á hátt þjónustustig, öryggi og erum framsækin í störfum okkar og með því að velja okkur sem samtarfsaðila tryggir þú þér bestu fánlegu þekkingu á sviði fasteignasölu á Íslandi.

Gæði, fagmennska og árangur í starfi eru okkar einkunnarorð og eftir þeim vinnur samheldinn hópur drífandi og kraftmikils starsfólks.

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

569-7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is

Andlátsfregn



Guðmundur Gunnarsson

verkfræðingur og fyrrverandi formaður Samtaka aldraðra er látinn 83 ára að aldri.

Guðmundur var formaður samtakanna frá 1996 – 2005 og félagi frá 1989.



Kópavogstún 2-4 í Kópavogi

Samtök aldraðra hafa á undanförunum mánuðum átt í viðræðum við byggingarfélagið Dverghamra ehf. um byggingu á fjölbylishúsi fyrir aldraða, 60 ára og eldri, á lóð félagsins við Kópavogstún 2-4, í Kópavogi. Sú vinna hefur gengið vel í sátt og samvinnu við bæjaryfirvöld í Kópavogi. Lokið er við að teikna og gera skilalýsingu fyrir bygginguna. Það er skoðun allra hlutaðeigandi að staðsetning eignarinnar, skipulag íbúða og skilalýsing uppfylli þær ríku kröfur sem Samtökin gera varðandi allan aðbúnað fyrir félagsmenn sína. Um er að ræða 28 íbúðir 78-190fm. fullbúnar íbúðir með gólfefnum, ísskáp og uppþvottavél í sex hæða lyftuhúsi. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymsla og sérgeymsla. Lóðin er á svokölluðum Landsspítalareit við hlið hjúkrunarheimilisins í Sunnuhlíð og í göngufæri við Sundlaug Kópavogs. Einnig er stutt í aðra góða þjónustu fyrir aldraða, s.s. í Hamraborg.

Í síðasta Fréttabréfi var byggingarflokkurinn kynntur tæknilega og meðfylgjandi var vilja yfirlýsingar eyðublað fyrir félagsmenn um þátttöku í byggingarflokknum sem kallaður er Kópavogur 1. Gefin var langur svarafrestur vegna sumartímans en 72 félagar svöruðu. Fyrir þá sem

Fundur með byggjendum!

Fundur var haldinn þann 16.11.2011 kl. 16 á Sléttunni. Veljendur mættu vel. Farið var yfir stöðu mála, samningar og skilalýsing yfirfarin og rædd. Verktakarnir skýrðu frá því að framkvæmdir myndu hefjast í desember.

svöruðu var haldinn fundur þar sem ítarlegar tæknilegar og fjárhagslegar upplýsingar voru lagðar fram. Fyrsti valfundur ákveðinn 14. september 2011. Á þann fund mættu 36 félagar og 19 íbúðir valdar. Niðurstaðan er að valfundarskilyrðum sé fullnægt og ónotaður byggingaréttur falur öllum félögum án félagsaðildarkvaða. Framkvæmdir hefjast í nóvember 2011. Landsbankinn mun veita byggjendum, sem þess óska brúarlán allt að 80% byggingarkostnaðar á 7.5% óverðtryggðum vöxtum, meðan á framkvæmdum stendur. Kaupsamningur verður gefin út og þinglýstur við greiðslu staðfestingargjalds.

Þá hefur verið haldinn fundur með stjórn Sunnuhlíðar samtakanna, þar sem fjallað var og samið um þjónustukaup íbúa hússins að Kópavogstún 2-4 yfir í Sunnuhlíð þ.e. matur og önnur margvísleg þjónusta sem þar er. Heimilis og hjúkrunarþjónusta utan sviga en sem komið er, en er fánleg hjá Kópavogskaupstað og heilsugæslu höfuðborgar svæðisins.

Þann 10. nóvember sl. voru samningar milli samtaka aldraðra og Dverghamra ehf. þ.e. er byggingarsamningur og skilasamningar samþykktur og undirritaðir og skilalýsing samþykkt. Framkvæmdir hefjast mjög bráðlega, en einungis er beðið eftir frágangi bæjarins á lóðar afhendingu.



Við samningaborðið sitja; Magnús og Guðmundur, eigendur Dverghamra ehf. og Jason lögræðingur þeirra og fulltrúar Samtaka aldraðra eru Páll Jónsson, Ingólfur og Erling.

Jón Aðalsteinn Jónasson

85 ára afmælikveðja frá Samtökum aldraðra 18. nóvember 2011

En stundum lýsir ljós, sem aldrei var kveikt lengur en hin, sem kveikjum sínum brenna.

Sagði Davíð, þessi tilvitnun skáldsins lýsir Alla vel. Hann gat og getur enn- „dimmu í dagsljós breytt, sem dropi breytir veig heillar skálar“ Þetta er Alli, einn af þessum sérstæðu boðberum birtu og vinarþels, sem aldrei þarf að „kveikja“ á, því í þeirra innra sjálfi er birtan svo skær að hún lýsir sjálfkrafa upp allt þeirra umhverfi.

Jón Aðalstein er hugsuður, fræðimaður og einstakur rökhyggjumaður, -en líka mikill athafnamaður, hann kann ekki að gefast upp. Hann hafði alltaf frumkvæðið þegar á yngri árum, svo þabba þótti oft nauðsynlegt að reyna að ná stjórn kauda þótt hann þyrfti að vaða eftir honum út í Lækjarhólmann framan við barnaskólann. Hann var einstakur foringi strákahópsins á mið-Hverfisgötunni í Hafnarfirði, sem sá sig meðal annars knúinn að hafa í frammi landvarnir þegar Bretarnir þrömmuðu Hverfisgötuna til að hertaka barnaskólann. Ég var á fimmta ári og í hendur mínar var sett baunabyssa þar sem biðum bak við vegginn hjá Sigga Jónu. Við áttum að láta vaða þegar herdeildin fór framhjá og við létum vaða, nema ég sem náði ekki að sjá yfir vegginn. Ekki man ég eftir annarri vopnaðri hértlandri andstöðu við breska innrásar heimsveldið. En hinsvegar varð strákahópurinn einstakir vinir Bretanna í barnaskólanum þar sem skólahald lagðist niður meðan Bretarnir bjuggu um sig annarsstaðar, öllum strákunum til mikils hugarangurs.



Jón Aðalsteinn og Guðfinna Thordarson arkitekt 2010.



Já, Jón Aðalsteinn hefur kastað birtu og yl á allt sviðið hverja samveru stund, svo stundin var önnur og betri en stundin sem var liðin, og hann sannaði svo sannarlega þá að í hverju lífsins spori getur maður verið manns gaman, en samt mætt keikur að alvöru og gamannið lífsins án hjálparmeðala frá einkasölu ríkisins eða úr öðrum áttum. Það er ekki mitt undrunarefni að ungur af árum yrði hann leiksviðsstjóri í Þjóðleikhúsi okkar Íslendinga. Jón Aðalstein var Albert okkar Fh-inga í fótbolta, já Fh-ingur inn í merg. En auðvitað þurfti hann að skoða sig um í höfuðborginni, sem leiddi til þess að hann fann hana Margréti Sveinsdóttir. Stelpunum í Hafnarfirði til mikils angurs. Aðal hneykslun mín var svo sannarlega ekki tengd Margréti.

Hann gekk líka til liðs við knattspyrnufélagið Víking, það var landráð að gafflari gerði slíka hluti.

Margrét var uppalin á Sóleyjargötunni í Reykjavík sunnan Hljómskála, hjá ástríkri móður, virðulegum föður og samhuga systurum og þaðan var hún numin á brot af stóra bróður. Ég man hvað stoltur ég alltaf var af stóra bróður. Hann var foringi í öllum strákahópum og fremstur meðal jafningja í íþróttum „Gaflara“. En þegar ég sá hana fyrst sauð uppúr öllu hirslum stoltisins með stóra bróður, hann hafði svo sannarlega náð í falgustu stelpuna í Reykjavík. Margrét Sveinsdóttir var einhvernvegin öðruvísi en við hin. Hún var eins og prinsessurnar í ævintýrunum hljóta að

vera. Glæsilega fögur, myndarleg, æðrulaus, yfirveguð, já einrænn, sjálfum sér næg, en umfram allt annað sannur félagi Alla bróður og kær í hverju sínu spori á sameiginlegri vegferð þeirra. Aðal einkennið var hæversk og siðavönd framkoma. Rólynd en staðföst þar sem ekkert atvik, stórt eða smátt, fékk breytt. Já við í Mjósundi 15 vorum öll snarreist af monti yfir nýju konunni í fjölskyldunni og það breyttist ekki á rúmlega sextíu ára samfylgd. Synirnir Sveinn og Jónas, nafnar afa sinna, bera svo sannarlega með sér að hafa notið móður kærleika og hvatningar í ríkum mæli. Og það hefur Jón Aðalsteinn svo sannarlega líka notið, um það vitnar velheppnuð og öfgalaus vegferð og öll hans velheppnuðu lífsverk sem og lífsleikir hans allir. „Já þetta kom allt“ með þrotlausri vinnu og kærleika.

Ég fann og heyrði að einhver var þarna við rúmið mitt og sagði blítt með alvörubunga við mig, „þetta kemur allt“ Snillingar Landspítala höfðu mig sofandi eftir aðgerð, þessi einhver hélt áfram og kom næsta hvern dag í sex vikur „þetta kemur allt Gæi minn“.

Áður en varði kom blíðan og bætt skilyrði og þá var óhægt að vekja kauda og þar sat stóri bróðir, og sagði leið og hann kvaddi „þetta er allt að koma Gæi minn“ Þá vissi ég fyrst að hann hefði verið við hlið mína sem næst hvern dag. Jón Aðalsteinn sópað í aska félaga sem hann ásamt öðrum var fengin til að bera ábirgð á, svo um



Byggingarnefnd Sléttuvegar 29-31 á fundi 2010.

munaði, sama hvort það var Framsóknarfélag Reykjavíkur, Íþróttarfélagin, FH eða Víkingur eða Íþróttarráð Reykjavíkur og fleiri slík. Nú síðast til Samtaka aldraðra í tóma aska, já einn galtóman byggingarsjóðs ask. Á raun örskömmum tíma breytum við eftir eigin sannfæringu með ráðgjöf Jóns Aðalsteins ófærum tillögum frá bankafólki sem sagði okkur að hætta við eða fresta framkvæmdum, það voru bæði skeikulir og óskeikulir fræðingar þar á ferð.

Þá var, í október 2008 gott hafa mátt hans og innsæi með að ákvarða „hina leiðina“ sem gerði samtökunum kleyft að byggja 58 íbúðar án aðstoðar okkar lamaða bankakerfis, lokaðra lífeyrisjóðakerfa og okurvaxta. Hann bara brosti sína sérstaka brosi og sagði

við okkur;“ við gefumst aldrei upp“. Já þetta var sköpun kraftaverks, tæknilega og fjárhagslega, við þessar erfiðu aðstæður. Hannes Hafsteinn sagði „Þú hafðir fagnað með gróandi grösum og grátið hvert blóm, sem dó. Og þér hafði lært að hlusta unz hjarta í hverjum steini sló“ í minningu sinni. Jón Aðalsteinn fagnaði hverju því gróandi grasi sem bætti hag náttúrunnar og lærði að hlusta eftir í ríki náttúrunnar víða um landið, og hafði orðið skýra skoðun hvornig best væri með hagnýtingu farið. Hann var veiðimaður með byssu og stöng frá unglingsaldri, en samt í skapandi sambandi við allt það umhverfi sem nýtti var til veiða. Hin fólkskvalausa góðvild Jóns Aðalsteins með sérlega raunsæju í vafi léttir göngu samferðamanna um grýtta vegi lífsbaráttunnar, enn sprengibráðurinn er ekki teigður þegar honum þykir miður. Nú eru við á tímamótum þegar heiðursmaðurinn Jón Aðalsteinn Jónasson -veruleikatengdasti draumóramaðurinn í stjórn samtakanna í vel á annan áratug, og fjárreiðu snillingur okkar síðustu tvo áratugi hefur skilað af sér verki og sestur friðarstól í 30m² íbúð sinni á Hrafnistu.

Ferill Jóns Aðalsteinn Jónassonar, sem er þó fjarríki því að vera í hnotskurn. Úr æviskrá

samtíðarmanna útgefin 1984. f. 18. Nón. 1926 í Hafnarfirði. For.: Jónas Sveinsson framkvstj. Þar og k.h. Guðrún Jónsdóttir. Iðnskólanám (rafvirkjun) 1941-1943. Háseti 1943-45. Vörubírstj. 1947-48. Starfsmaður Þjóðleikhússins frá upphafi árs 1950 til 1962, þar af leiksviðsstjóri frá 1954-62. Setti á stofn eina af fyrstu bílaleigunum 1954. Var einn af syngjandi Þróstumum í Hafnarfirði um árabíl. Framkvstj. Fulltrúaráðs Framsóknarfélaganna í Rvík 1962-64. Kaupmaður og heildsali í Rvík frá 1964 (Verzlunin Sportval og Hljóðriti). Gjaldkeri í stjórn FUF 1960-63. Gjaldkeri, varaform. Og síðar form. Í stjórn Framsóknarfél. Rvíkur 1969-78. Form. Borgarmálaráðs Framsóknarf. Í Rvík frá 1978. Í bankaráði Útvegsbanka Íslands frá 1976. Í Heilbrigðisráði Rvíkur frá 1978. Formaður Knattspyrnufélagsins Víkinga 1973-80. Í Íþróttaráði Rvíkur 1974-78, varam. frá 1978. K. 14. Júní 1947 Margrét verzlunarm., f. 8. maí 1925, Sveinsdóttir dyravarðar í Miðbæjarsk. í Rvík Jónssonar og k.h. Guðnýjar Guðmundsdóttur. Margrét lést 3 janúar 2008. Jón Aðalsteinn hefur verið félagi í Samtökum aldraðra frá 1989 og í stjórn samtakanna síðustu 18 ár. Stjórnarstörf hans snérust fyrst og fremst um samningagerð og fjárreiður samtakanna.



ÞÚ FÆRÐ MEIRA Í STOFNI

Með því að sameina tryggingar fjölskyldunnar í Stofni hjá Sjóvá færðu persónulega þjónustu, **betri kjör á tryggingum og ýmis fríðindi**. Að auki fá **tjónlausir og skilvísir viðskiptavinir í Stofni hluta ídgjalda sinna endurgreiddan** í byrjun febrúar ár hvert. Sjóvá er eina íslenska tryggingafélagið sem umbunar viðskiptavinum sínum á þennan hátt.

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ

STOFN

Hafa stjórnámálemenn einhvern áhuga á málefnum aldraðra?

Aðgerðir og árangur ríkisstjórnar

Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs 2009 - 2011

Ofangreint er fyrir sögn afrekaskrár ríkisstjórnar við að mæta á strandstað þjóðarskútunnar innann við skerjagarð íslenskra stjórn mála. Þjóðarskútnni hafði verið siglt í strand, en hafði losað sig inn fyrir skerjagarðinn og maraði þar við botn. Afrekaskráin er ritgerð frá öllum ráðuneytum með það skritna sérkenni að fyrir það eitt að nefna sig að velferðar ríkisstjórn að norræni fyrirmynd að greina frá afrekum Velferðarráðuneytis á öftustu blaðsíðu. Fyrir okkur eldri borgara er nauðsynlegt að rýna þá liði sem varða okkar stöðu í samfélaginu, en um þau mál er fjallað í þrem liðum í skránni. Staða efnahagsmála þegar ríkisstjórnin tók við

Í október 2008 var fjármálakerfið á Íslandi í aðalatriðum hrunið og efnahagslífið á gjörgæsludeild.

- Vextir og verðbólga voru 18%.
- Atvinnuleysi fór úr rúmlega 1% í 9% eftir hrún.
- Gjaldmiðill landsins, krónan, var í frjálsum falli.
- Þegar froðuhagkerfið fór niður svelginn fylgdi ríkissjóðs risalækkun á tekjum ríkissjóðs en útgjöld jukust.
- Ójafnræði í samfélaginu hafði stóruaukið.
- Ríkið þurfti að leita fjármögnunar til Norðurlandþjóða og AGS. Staða efnahagsmála á Íslandi var verri en hún þurfti vera eftir að hin alþjóðlega fjármálakreppa gerði vart við sig árið 2008. Skýrist það af nokkrum samverkandi þáttum eins og of mikilli þenslu í hagkerfinu vegna ofvaxtar bankakerfisins samhliða risaframkvæmdum á borð við Kárahnjúkavirkjun sem og fasteignabólu.

Athugunarsemd ritstjóra: Þetta er ekkert sem hefur ekki skeð áður. Það er ekkert mál að leysa þennan vanda ef stjórnin hefði áhuga á að leysa hann. Vandamáslamið og viðhald vandamála er sérgrein ísl. stjórn mála. Og svo er svo gaman af þrætubókinni og þjóðarskútan of vélavana til ná siglingu út úr skerjagarðinum vegna þess að smyrjarar stjórnarandstöðunnar eru arfalélegir við að kynna smurninguna. Sem auðvitað var frýsting vísitölunnar miðað jan. 2008 og 20-30% afskriftir

allra lána sem hefði nægt til að losa um gröftinn í graftarbólu íslenskra efnahagsmála.

1. Málefni aldraðra

Framkvæmdir við byggingu hjúkrunarheimila í samræmi við áætlun stjórnvalda eru þegar hafnar í fjórum sveitarfélögum; á Akureyri (45 rými) í Borgarbyggð (32 rými), Garðabæ (60 rými) og Mosfellsbæ (30 rými). Alls eru þetta 167 hjúkrunarrými. Í öðrum sveitarfélögum; Hafnarfirði, Seltjarnarnesi, Fljótshlíraði og Kópavogi, er unnið að undirbúningi framkvæmda. Með varðstöðu um heilsugæsluna og sérstökum framlögum á fjárlögum til heimahjúkrunar hefur öflugur starfi heimahjúkrunar verið viðhaldið. Samvinna heimabjónustu og heimahjúkrunar um landið fer sívaxandi enda hefur samþætt þjónusta þessara aðila sannað gildi sitt.

Athugunarsemd ritstjóra: Eina ályktun landsfundar Samfylkingarinnar 31.10.2011 um málefni aldraðra er samhljóða. Hafa skal í huga að hjúkrunarrýmum hefur fækkað í ár um 140. Samþætting heimabjónustu og heimahjúkrunar í Reykjavík hefur ekkert breyst þrátt fyrir þykjustu samning þar um 2009. Þá skal líka hafa í huga væntanleg seinkun á uppbyggingu í Garðabæ.

2. Endurskoðun almannatrygginga

Starfshópi hefur verið falið að endurskoða almannatryggingakerfið og er ætlað að skila drögum að frumvarpi að nýjum lögum um lífeyristryggingar fyrir lok þessa árs. Viðamiklar upplýsingar og greiningar á almannatryggingakerfinu liggja fyrir byggir vinna hópsins á þeim. Rammi um helstu efnisþætti nýs frumvarps til laga um lífeyristryggingar hefur þegar verið mótaður.

Athugunarsemd ritstjóra: Breytir engu varðandi eldri borgara sem hafa fulla lífeyristryggingu frá eigin lífeyrissjóði.

3. Hlutverk sveitarfélaga í velferðarþjónustu

Málefni fatlaðs fólks var fluttur frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011. Sveitarfélög bera nú ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlaða, þar með talið gæðum þjónustunnar og kostnaði vegna hennar. Einnig annast sveitarfélögin innra eftirlit með framkvæmd

þjónustunnar, þar á meðal með framkvæmd samninga sem sveitarfélögin gera við rekstrar- og þjónustuaðila um framkvæmd þjónustunnar. Mikil samvinna er milli ríkis og sveitarfélaga um málefni barna og má þar m.a. nefna aðgerðar-áætlun í málefnum barna- og ungmenna sem unnið hefur verið að frá árinu 2007. Stefnt er að flutningi málefna aldraðra til sveitarfélaga árið 2013 og er undirbúningur hafinn.

Athugunarsemd ritstjóra: Skyldur sveitarfélaga samkvæmt núverandi lögum eru meiri en efni standa til, almennt hjá sveitarfélögum, hvað á eiginlega að flytja?

Ályktun um málefni ellilífeyrisþega og öryrkja á landsfundi Vinstri Græna 31.10.2011.

Í kjölfar efnahagshrunsins hafa öryrkjar og ellilífeyrisþegar orðið fyrir margvíslegum skerðingum bæði fjárhagslega og hvað réttindi varðar. Frá því í janúar 2009 hafa umtalsverðar tekjuskerðingar átt sér stað í almannatryggingakerfinu og núverandi ríkisstjórn hefur bætt um betur, einkum með ráðstöfunum sem tóku gildi 1. júlí 2009. Landsfundur VG haldinn 28.-30. október 2011 krefst þess að málefni öryrkja og ellilífeyrisþega verði tekin til gagngerrar skoðunar og kjör þeirra leiðrétt hið fyrsta. Landsfundurinn minnir á eftirfarandi orð í stefnuyfirlýsingu VG: „Skylt er að tryggja vaxandi hópi aldraðra mannsæmandi kjör og aðstæður til að taka virkan þátt í samfélaginu. Gera verður átak til að stórbæta kjör og allar aðstæður öryrkja.“

Innskot ritstjóra er: Úr Eftirköst eftir

Stephan G Stephansson

Hámenntaða virðum vér

vora lærdómshróka,

sem eru andleg ígulker

ótal skólalabóka.

Þitt er menntað afl og önd,

eigirðu fram að bjóða:

hvassan skilning, haga hönd,

hjartað sanna og góða

Það er kýrskýrt að margskattlögð gamlamenti eru ekki óskabörn stjórnámálamanna lengur.

Samtökin og málefni aldraðra

Áhersluatriði í málefnum Samtaka aldraðra frá upphafi hafa verið og munu áfram vera:

1. Skattar og eftirlaun.
2. Átak á vettvangi umönnunar og aðhlyningar eldri borgara.
3. Lyfjanotkun og lyfjakostnaður.
4. Húsnæði eldri borgara.
5. Mismunun vegna aldurs.
6. Gjáin milli eftirlaunafólks og vinnandi manna verður að minnka.
7. Grunnlífeyri verður að hækka til að auka fjárhagslegt öryggi og draga úr kostnaði.
8. Minnka verður jaðaráhrif eftirlaunakerfisins.

Átak á vettvangi umönnunar og aðhlyningar eldri borgara liður 2, hefur að sjálfsögðu verið meginverkefni Samtaka aldraðra frá upphafi.

Páll Gíslason, yfirlæknir og borgarfulltrúi skrifaði ítarlega grein um uppbyggingu stofnanna í þágu aldraðra í fréttablað Samtaka aldraðra 1992. Páll hafði verið formaður byggingarnefndar stofnanna í þágu aldraðra í Reykjavík frá 1982. Þessi grein segir einna best frá því mikla átaki sem Reykjavíkurborg hrinti í framkvæmd allt frá því upp úr 1975, meðal annars með tilstuðlan og með samræðum við velferðarfélag og Samtök aldraðra. Frá þessum tíma hafa verið byggðar mörg hundruð þjónustuíbúðir fyrir aldraðar, fjölmörg hjúkrunarheimili í samstarfi borgar, ríkis og sjálfseignarstofnana, dagvistarþjónusta fyrir eldri borgara í samvinnu félagsamtaka, borgar og ríkis og síðast en ekki síst á annan tug þjónustukjarna víðsvegar í hverfum borgarinnar fyrir eldri borgara.

Það ber að leggja þunga áherslu á, að við höfum ekki lengur þolinmæði né svigrúm fyrir 17- 30 ára meðgöngutíma á slíkum áföngum. Samkvæmt framreikningi verða Íslendingar, tæp 330.000 árið 2020 og rúmlega 360.000 árið 2040. Niðurstöður framreikningsins benda til þess að fólki á ellilífeyrisaldri, 67 ára og eldri, komi til með að fjölga mikið á næstu tveim áratugum og verður heildarfjöldi þeirra

árið 2030 um 59.000, eða um tvöfalt fleiri en nú.

Það var því athyglisvert að velta því fyrir sér í 4. tbl. Fréttablaðsins í ljósi aðstæðna nú, hvað Sunnuhlíðar-samtökin, komu mörgu í verk, með að byggja og reka þjónustuíbúðir, hjúkrunar-heimili og þjónustumiðstöð, meðan voldug sveitarfélög áttu fullt í fangi með slík verkefni. Niðurstaðan varð einfaldlega sú í þeirri skoðun að Sunnuhlíðarsamtökin voru og eru kraftaverkastofnun og stærsta menningarafrek Kópverja hingað til.

Í Lögum um málefni aldraðra nr. 125, 31. desember 1999, segir í 1. gr.

Markmið þessara laga er að aldraðir eigi vól á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða.

Markmið laganna er einnig að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanþjónusta þegar hennar er þörf. Við framkvæmd laganna skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur.

Það er og hefur verið metnaðarmál Samtaka aldraðra að búið sé að eldri borgurum við þær aðstæður og þjónustu sem miðist við einstaklingsbundnar þarfir og best fánleg gæði við sem lægstan kostnað. Þetta sjónarmið er afar mikilvægt því við vitum öll að þarfir þeirra rúmlega 30 þúsund Íslendinga sem nú teljast eldri borgarar eru afar mismunandi. Aldraðir eiga að geta valið hvernig þeir vilja haga lífi sínu og starfi. Í eldra fólki býr mannaúður, viska og skapandi kraftur. Samfélagið á að nýta þann auð sem í þekkingu og reynslu þeirra býr og líta á öldrun þjóðar sem auðlind en ekki sem vandamál. Virða þarf sjálfræði eldri borgara við val á þjónustu þegar þeir þurfa á stuðningi samfélagsins að halda. Þetta

á ekki síst við um búsetuúrræði, félagslega þjónustu og hjúkrunarþjónustu til að styðja við sjálfstæða búsetu eins lengi og kostur er. Þetta er enn, og verður, metnaðarmál Samtaka aldraðra, í fullu samræmi við tilgang þess í 3. gr. laga Samtakanna 1973.

Markmið með rekstri samstæðrar heimilis og hjúkrunarþjónustu fyrir aldraða sérstaklega er að, stuðla að sjálfstæði aldraðra og stuðla að sem mestri sjálfsbjargargetu hvers og eins. Þjónustunni er ætlað það endanlega markmið að öldruðum sé kleyft að haldið eigið heimili sem lengst við ákjósanlegar aðstæður. Með því móti er leitast við að fresta eða koma í veg fyrir stofnanadval. Vistun í þjónustuíbúðum eru úrræði í þeim tilvikum þegar tilboð heilbrigðis- og félagsþjónustu í heimahús fullnægja ekki þjónustuþörf lengur og/eða þegar einstaklingur kys að búa ekki lengur á heimili sínu.

Til fróðleiks skal þess getið að það eru aðeins 10 íbúar Sléttuvegur 29-31 eru undir 67 ára aldri, sem sýnir að mínu mati að við bregðumst of seint við komu ævikvölds og aftanskens. Í íbúðum samtakanna búa 248 einstaklingar sem eru 80+ að aldri. Ef þeir þyrftu á stofnanna vistun að halda myndu það kosta um 2 milljarða króna/ári fyrir kostnaðaraðila.

Í viðtali við Ásgeir Jóhannesson formann Sunnuhlíðar- samtakanna sem birtist í Morgunblaðinu laugardaginn 29. september, 1990. Segir Ásgeir „Það sem skiptir sköpum í framtíðar upp- byggingu og skipulagi í þessu er að fólk hafi skilning á því að það er flestum fyrir bestu að búa á eigin vegum, því það er ekki góður kostur að þurfa að lenda inni á stofnun þegar fólk hefur kannski tiltölulega góða heilsu. Því líður ekki vel innan um mikið veikt fólk ef það er sjálfbjarga að mestu leyti. Í vernduðum íbúðum eins og hér geta þeir valið þjónustuna og hafnað án þess að fórn einu né neinu af sínum karakter. Og svo er þetta langóðyrast fyrir samfélagið, ekki síst frá byggðasjónarmiði“. Niðurstaða Ásgeirs er að „þjónustuíbúðir sé framtíðarlausnin, þar sem aldraðir eiga að fá eðlilega aðstoð eins

Praesens historicum – söguleg samleið

Margrét Ósvaldsdóttir, forstöðumaður Seljahlíðar



Okkur finnst stundum eins og allt standi í stað, sumir hlutir séu eins og þeir hafi alltaf verið, en er það svo? Ég veit að mörgum úti í samfélaginu sem ekki þekkja til öldrunarstofnana segja oft að þetta séu forneskjulegir staðir fullir af gömlu fólki og sérstakri lykt.

Um þessar mundir eru 80 ár liðin síðan vígsla Grundar við Hringbraut átti sér stað og síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Hægt er að fullyrða að alla tíð hafa stjórnendur og starfsmenn haft metnað til að vera í fremstu röð og gera sem best á hverjum tíma.

Í Seljahlíð þar sem ég starfa má segja að stöðugar breytingar hafi verið í gangi allt frá því heimilið opnaði 1986. Bæði vegna nýrra strauma í þjónustu og eins húsnæðislega. Seljahlíð var opnuð sem dvalarheimili 1986 og er því rétt að ná 25 árum næsta vor. Vorið 1991 var vesturenda fyrstu hæðar breytt og gerð hjúkrunardeild með 13-14 legurýmum, allt tvíbyli og 1997 var sú deild stækkuð í 28 legurými, þar af voru 8 tvíbyli þar sem íbúar hafa þurft að deila salerni og baðaðstöðu með öðrum.

Mikil umræða hefur verið í samfélaginu um að þegar fólk flytur á dvalar- eða hjúkrunarheimili tapi það fjárforræði sínu og þar með að vissu marki sjálfræði sínu, því tekjur sem það

áður hafði frá Tryggingastofnun ganga nú til „stofnunarinnar“ sem það flytur á. Á þeirri forsendu var enn breytt árið 2000, dvalarrými skildu lögð af og þjónustuíbúðaform tekið upp í staðinn, en þá heldur fólk tekjum sínum en leigir íbúðirnar og greiðir þjónustugjöld sem líkja má við húsgjöld í fjölbýlishúsum. Það greiðir einnig fyrir þær máltíðir sem það þiggur, lyfin sín, greiðir fyrir þvotta og alla heimaþjónustu.

Við þessa breytingu var ákveðið að halda inni þjónustu fagfólks þ.e. lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, félagsliða og sjúkráþjálfara eins og verið hafði fyrir íbúa dvalarrýma og þjónustugjöldin því höfð eilítið hærrí, en annars staðar í þjónustuíbúðum Reykjavíkurborgar, þar sem ekki er um slíka þjónustu að ræða. Sýnt hefur verið fram á með óyggjandi hætti að það að hafa fyrirkomulagið á þennan hátt er þjóðhagslega hagkvæmt, þ.e. miklir fjármunir hafa sparast vegna mun færri innlagna á sjúkrahús og færri legudaga að baki hverri innlögn ef til innlagnar hefur komið, ennfremur að flestir deyja heima. Einnig má bæta því við að einstaklingar sem eru í ríkri þörf fyrir heilsufarslegt eftirlit og fagþjónustu fá stundum frekar úthlutað þjónustuíbúð hjá okkur en í aðra þjónustuíbúðakjarna.

Snemma árs 2009 var settur á laggirnar starfshópur sem koma átti með tillögur um uppbyggingu og þróun í þjónustuíbúðum Reykjavíkurborgar sá hópur skilaði skýrslu sinni sl. vor. Þar er eindregið bent á þann þjóðhagskvæmislega kost að bjóða aukna heilbrigðisþjónustu inn í þessa þjónustuíbúðakjarna sem fæli í sér eftirlit með heilsufari og ekki síst forvörnum.

Áfram hélt umræðan um mannsæmandi aðbúnað aldraðra, og nú þykir það að þurfa að deila herbergi með öðrum alls ókunnugum á síðustu mánuðum lífsins ekki forsvaranlegt svo enn var farið í að breyta og nú hafa tvíbylin verið lögð niður og lauk þeirri breytingu árið 2008. Hjúkrunarrými eru því 20 í dag, allt 28 fm. einbyli með salerni og sturtu, en eftir

er að gera endurbætur á þeim íbúðum sem gerðar voru að tveggja manna sjúkrafostum 1991 en þá voru m.a. eldhúsinréttingar fjarlægðar úr íbúðunum til að skapa rými fyrir tvö hjúkrunarrúm. „Hjúkrunardeildin“ hefur einnig verið á þessum ákveðna stað á heimilinu og þar starfað fastur hópur starfsmanna. Í gegnum tíðina hefur það verið reynsla okkar að þegar skjólstæðingar okkar þurftu orðið meiri umönnun var það mjög erfitt fyrir þá að flytjast á milli tveggja nákvæmlega eins íbúða og kynnast nýju starfsfólki. Því er það svo nú að starfsfólkinu er raðað á einingarnar eftir hjúkrunarþörf hverju sinni, eftir dagskipan hjúkrunarfræðinga. Þarna sparast auk þess kostnaðarsamir flutningar sem koma til vegna íbúðaskipta eins og málning, flutningur á síma o.fl. Þeir sem hafa komið til okkar í þjónustuíbúð en þurfa svo áður en yfir lýkur hjúkrunarrými eru þá áfram í sínum íbúðum, eina breytingin verður að þurfi íbúar mikið af plássfrekum hjálpartækjum er óskað eftir því að minnkað sé í búslóð íbúa ef þurfa þykir.

Þessi stefna er í fullu samræmi við hugmyndir félags og tryggingamálaráðuneytisins. Á grundvelli skýrslu sem gerð var um framtíð Seljahlíðar í ársbyrjun 2008, var fundur með fulltrúum ráðuneytisins um hvort gera ætti tilraunaverkefni til 3ja ára um að íbúar sem búa hér í þjónustuíbúðum en fá vistunarmat um hjúkrunarrýmishörf þurfi ekki að missa tekjur sínar, heldur haldi þeir áfram að greiða fyrir sig eins og áður en frá ráðuneytinu komi „einhvers konar gjald“ til að mæta auknum kostnaði heimilisins við íbúann. Nú nýverið var dustað rykið af þessari skýrslu og viðræður eru nú á haustdögum að fara í gang að nýju um hvort hægt verði að halda áfram þar sem frá var horfið.

Markmið fyrirhugaðra breytinga í Seljahlíð heimili aldraðra er að bjóða upp á nýja valkosti fyrir aldraða hvað varðar þjónustu – og búsetumál. Einnig að mæta kröfum aldraðra og þjóðfélagsins um fullt sjálfræði og sjálfstæði og aðlögun þjónustu að þörfum hvers og eins.

Að þjónustuíbúðir séu valkostur hins aldraða í

samhæfðu þétta þjónustuneti (heilbrigðis- og félagsþjónustu) þar sem tók eru á að veita efsta stig sérhæfðar meðferðar.

Allir eiga rétt á einkarými og þjónustan á að byggjast á virðingu, tillitsemi og hvatningu. Mikilvægt er að fallið sé frá þeirri tilhneigingu að líta á öldrun sem sjúkdóm, heldur er öldrun eðlileg afleiðing þess að ná háum aldri. Upphefja þarf sjálfsbjargargetuna en líta hjá hvers kyns fötlun.

Forsenda framsýni er forvitni og upplýsingaöflun. Fylgjast þarf með hverjir eru að standa sig best í málaflokknum og hvaða aðferðum þeir eru að beita. Síðast en ekki síst, hvers óska þeir sem eru að þiggja þjónustuna. Það er nú einmitt þannig að líta ber á ábendingar og/eða kvartanir viðskiptavina sem ókeypis ráðgjöf til þeirra sem stjórna því hvar og hvernig þjónusta skuli veitt. Hlustum því eftir ábendingum og reynum ávallt að gera betur í dag en í gær, því svo lengi lærir sem lifir. Þessi þjónusta eins og önnur hefur því

breyst í takt við tíðarandann eða átt sögulega samleið með framþróun á öllum sviðum lífsins.

Mikilvægt er að allir sem vinna í þessum geira geri sér grein fyrir því að við erum að vinna á heimum fólks – fólkid býr ekki á vinnustaðnum okkar.

Margrét Ósvaldsdóttir forstöðumaður Seljahlíðar.

Birt hér með leyfi höfundar. EGJ.

Dagvist fyrir aldraða í Reykjavík



Dagvist er stuðningsúrræði fyrir aldraða sem búa í heimahúsum og þurfa meiri þjónustu en veitt er í félagsmiðstöðvum. Í dagvist er boðið upp á tómstundaiðju, hreyfiþjálfun, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun. Gestir eru sóttir að morgni og þeim ekið heim síðdegis.

Reykjavíkurborg rekur dagvist fyrir aldraða á tveimur stöðum:

Vítorgi, Lindargötu 57 sími: 411 9466*
Þorraseli, Þorragötu 7 sími: 561 2828

Aðrar dagvistir fyrir aldraða í Reykjavík eru:

Hlíðabær, Flókagötu 53 sími: 562 1722*
Eir, Hlíðarhúsum 7 sími: 522 5700*
Fríðuhús, Austurbrún 31 sími: 533 1084*
Múlabær, Ármúla 34 sími: 568 1330

Beiðni um dagvist í Múlabæ og Þorraseli er beint til deildarstjóra viðkomandi dagvistar sem veitir frekari

upplýsingar. Beiðni um dagvist fyrir Vítorg, Hlíðabæ, Fríðuhús og Eir er beint til Minnismóttöku á Landakoti.

Á hjúkrunarheimilunum Droplaugarstöðum og Eir er möguleiki á að fá að leggjast inn í 2-5 vikur í einu. Sótt er um á viðkomandi stöðum.

* Dagvist fyrir heilabílaða.

Þjónustuíbúðir í eigu Reykjavíkurborgar eru á eftirtöldum stöðum:

Lönguhlíð 3	Sími: 552 4161	Fjöldi íbúða: 33
Dalbraut 21- 27	Sími: 411 2500	Fjöldi íbúða: 64
Furugerði 1	Sími: 553 6040	Fjöldi íbúða: 70
Lindargötu 57 - 66	Sími: 411 9450	Fjöldi íbúða: 69
Norðurbrún 1	Sími: 568 6960	Fjöldi íbúða: 60
Seljahlíð v/Hjallasel	Sími: 540 2400	Fjöldi íbúða: 43
Þórðarsveig 1 - 5	Sími: 587 2888	Fjöldi íbúða: 50

Félagsstarf

Starfræktar eru 16 félagsmiðstöðvar víðsvegar um borgina, sem eru opnar Reykvíkingum á öllum aldri. Markmið félagsstarfsins er að fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun með því að bjóða upp á opið félags- og tómstundastarf auk fjölda námskeiða. Félagsstarfið er vettvangur samfunda, mannglegra samskipta og skapandi athafna. Leitast er við að virkja frumkvæði og hæfileika hvers og eins. Hádegisverður er í boði á öllum þessum stöðvum og kaffiveitingar. Að auki bjóða flestar félagsmiðstöðvarnar uppá þaðþjónustu. Hárgreiðslu- og fóttaðgerðarstofur eru einnig starfræktar á mörgum stöðvunum.

Hver stöð býður upp á sína eigin dagskrá sem samanstendur af ýmsum spennandi hlutum. Sem dæmi má nefna: vinnustofur, hagleikssmiðjur, listasmiðjur og klúbbastarf ýmiskonar. Spilamennsku, skoðunarferðir, dans og leikfimi. Síðan eru ýmsir viðburðir árlegir og / eða tilfallandi, svo sem grillveisla, haustfagnaður og þorrablot. Lögð er áhersla á sjálfspróttíð félagsstarf og hver og einn getur haft áhrif á þróun þess.

Tengiliður vegna þjónustu: Þeir sem óska eftir ráðgjöf, upplýsingum eða um fjárhagsaðstoð skulu leita til þjónustumiðstöðva til dæmis næst lögheimili hvers og eins.

Árbær og Grafarholt
Breiðholt
Grafarvogur og Kjalarnes
Laugardalur og Háaleiti
Miðborg og Hlíðar
Vesturbær

Fyrir hverja er þjónustan:

Um er að ræða þjónustu sem er opin öllum Reykvíkingum án sérstakra skilyrða með þeirri undantekningu að hjá Korpúlfum í Grafarvogi eru aldurskilyrði miðuð við 67 ára.

Félagsstarf er starfrækt á eftirfarandi stöðum:

Aflagrandi 40, sími: 411 2700
Árskógum 4, sími: 535-2700
Bólstaðarhlíð 43, sími: 535-2760
Dalbraut 18-20, sími: 588-9533
Dalbraut 21-27, sími: 568-5377
Furugerði 1, sími: 553-6040
Hraunbæ 105, sími: 587-2888
Hvassaleiti 56-58, sími: 535-2720
Hæðargarði 31, sími: 411-2790
Langahlíð 3, sími: 552-4161
Lindargata 59, sími: 411-9450
Norðurbrún 1, sími: 568-6960
Sléttuvegur 11, sími: 568-2586
Vesturgata 7, sími: 535-2740

Opið er alla virka daga frá kl. 8.30 til 16.30.

Hvaða skilyrði:

Ekki þarf að sækja sérstaklega um þátttöku í félagsstarfi, aðeins að mæta á staðinn. Ef fyrirhuguð er þátttaka í ákveðnum námskeiðum eða ferðum þarf að skrá hana.

Deildarstjórar í félagsstarfi eða forstöðumenn á eftirfarandi stöðum eru tengiliðir vegna félagsstarfs.


Ábendingar og kvartanir;

Almennum kvörtunum/ábendingum er hægt að koma á framfæri símleiðis eða í móttöku á öllum þjónustumiðstöðvum.

Þjónustumiðstöð Laugardals, Háaleitis og Bústaða

Síðumúla 39
108 Reykjavík
Sími: 411 1500
Fax: 411 1599
laugardalur.haaleiti@reykjavik.is
Opnunartími: 08:30-16:00

- Heildarstærð hverfisins er 4,3 km² þar af eru 3,9 km² byggt land.
- 3.220 íbúar eru á hvern km² af byggðu landi.
- 50 m² íbúðarhúsnæðis eru á hvern íbúa.
- Í hverfinu eru 13.500 störf í 540.000 m² atvinnuhúsnæðis.
- 10% af landi hverfisins eru opin svæði.
- Opin leiksvæði eru 28 og samanlögð stærð þeirra er 23.489 m².
- Í hverfinu eru 34 bekkir og 73 ruslastampar.
- Lengd göngu- og hjólréiðastíga eru alls 36 km (ekki eru taldir með stígar meðfram götu).



• **Skipulagðar heimsóknir til eldri borgara.** Skipulagðar heimsóknir felast í því að íbúum hverfisins 80 ára og eldri sem búa á eigin heimili og njóta hvorki heimahjúkrunar né heimaþjónustu er boðið upp á heimsókn félagsráðgjafa. Þessar heimsóknir eru hugsaðar sem liður í forvörnum fyrir eldri borgara. Lögð er áhersla á að veita ráðgjöf og upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er og mynda tengsl milli eldri borgara og fagaðila í öldrunarþjónustu. Markmið með heimsókninni er að auka öryggiskennd íbúa og stuðla að því að viðkomandi fái nauðsynlega þjónustu til að viðhalda heilbrigði og sjálfstæði.

Jú, draumar geta ræst!

Bréf frá samherja í Frakklandi!

Kæri formaður Samtaka Aldraðra,

Mér var að berast með póstinum Fréttabréf „Við áttum okkur draum 1973“ og ég óska ykkur til hamingju með það og allt ykkar starf. Ég átti mjög gott samstarf sem forstjóri Ármannsfells h.f. við heiðursmanninn Hans Jörgenson og erindi mitt með þessu bréfi er að koma á framfæri að hans starf sé metið og ekki gleymt.

Við byggðum saman fyrst Bólstarhlíð 41-45, síðan Dalbraut 14-16, og að síðustu Aflagranda 40 þar sem Hans fékk sína síðustu íbúð. Samstarf okkar gekk alltaf afar vel og við urðum perluvinir. Eftir fyrstu bygginguna gaf ég persónulega samtökunum höggmyndina maður og kona eftir vin minn Hallstein Sigurðsson myndhöggvara til heiðurs Hans. Við vorum nær alltaf sammála og markmið Ármannsfells h.f. var ekki að græða á þessum framkvæmdum heldur að hafa kostnað eins lágan og mögulegt var en gæði í fyrirrúmi.

Síðan byggðum við Sléttuveg 11-13 í samstarfi við Magnús fyrrverandi ráðherra og það samstarf gekk miður vel svo við hættum afskiptum af byggingarmálum SA. Við töpuðum miljónatugum á þeirri byggingu og fórum næstum á hausinn, en það rétti við.

Ármannsfell sá einnig um byggingu Hæðargarðs (tveir áfangar) fyrir önnur samtök aldraðra og gekk það einnig afar vel einnig og að auki byggðum við fyrir borgina á Skúlagötu íbúðir fyrir aldraða og upp í efra Breiðholti það voru ekki íbúðir að mínu skapi. Ármannsfell byggði þannig undir minni forustu yfir 400 íbúðir fyrir eldri borgara og er ég stoltur yfir því. Við byggðum að sjálfsögðu einnig yfir 500 íbúðir fyrir þá sem yngri voru.

Ég hef nú verið hér í sjálfskipaðri útleð í s-Frakklandi í 12 ár og hygg senn á heimferð enda að verða 67 ára. Við erum samt á fullu að selja Lýsi hér í Frakklandi og það er að rofa til að Frakkar skilji ágæti Lýsis. Eins og ég sagði í upphafi þessa bréfs vildi ég bara minna á frábæran hlut Hans Jörgensonar þess mikla dansmanns, skólastjóra og umfram allt heiðursmanns.

Kannski get ég lagt samtökunum eitthvert lið þegar ég flyst heim vonandi á næsta ári.

Með bestu kveðjum
Ármann Örn Ármannsson



víb

Sparnaðarþjónusta fyrir alla

VÍB veitir sparifjáreignum og fagfjárfestum alhliða þjónustu

VÍB - Eignastýringarþjónusta Íslandsbanka er leiðandi á íslenskum markaði og veitir alhliða eignastýringar- og verðbréfabjónustu með áherslu á fagmennsku og fræðslu.

Eigna- og lífeyrisþjónusta
Hefðbundin ávöxtun, sparnaður í áskrift, stakar fjárfestingar og lífeyrissparnaður með aðstoð sérfræðinga okkar.

Einkabankarþjónusta
Viðskiptavinum sem gera ríkar kröfur býðst sérsniðin einkabankarþjónusta þar sem viðskiptastjóri annast stýringu eignasafnsins og veitir margvíslega ráðgjöf.

Netbanki
Aðgangur að kauphöll og eitt breiðasta sjóðaúrval landsins fyrir þá sem stýra eignasafni sínu sjálfir.

Fáðu nánari upplýsingar á www.vib.is eða pantaðu viðtal við ráðgjafa í síma 440 4900.

Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is | www.vib.is

Markaðurinn

Framtíðarverkefni

Norðurbakki 11-13, Hafnarfirði

Glæsilegar lúxusíbúðir við höfnina



Glæsilegar útsýnisíbúðir við sjávarsíðuna í Hafnarfirði, íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum. Frábær staðsetning og vandaður frágangur. Gólfhiti í öllum íbúðum. Fallegar innréttingar frá AXIS. Öll megin eldhústæki frá AEG fylgja.

Lyftur í húsinu. Sérstæði fylgir öllum íbúðum í lokaðri bílageymslu.

- Vel staðsettar með góðu aðgengi.
- Tvennar svalir með stærri íbúðunum.
- 3ja herb. Frá 112 fm til 142,3 fm.
- Frábært útsýni yfir höfnina og bæinn.
- Tvö baðherbergi í stærri íbúðunum.
- Innfelld halogen lýsing.

Sameiginlegur kynningar og sýningarfundur verður haldinn fyrir félaga í Samtökum aldraðra þann 24 nóvember. Kl. 15.00.

Norðurbakki 21, Hafnarfirði



Byggingarfélagið Eykt er tilbúið til að hefja byggingu fimm hæða fjölbýlishússvið Norðurbakka 21. Bílakjallari og kjallari eru þegar komin. Tvö stigahús með þremur íbúðum á hæð í hvoru stigahúsi, alls 30 íbúðir. Bílastæði í kjallara fylgja

hverri íbúð auk stæða ofanjarðar framan við húsið. Innangengt úr bílakjallara inn í stigaganga í kjallara hússins. Á lóð eru hellulagðar gönguleiðir og púttvöllur.

Íbúðirnar eru bjartar með stórum gluggum. Útsýni er til sjávar og inn í gamla bæinn. Í öllum íbúðum eru tvennar svalir. Sér þvottahús er í hverri íbúð og rúmgóðar geymslur í kjallara. Íbúðir eru 3-ja og 4-ra herbergja, á bilinu 100-147 m² auk geymslu.

Húsið er vel staðsett við sjávarsíðuna á móti suðri. Stutt er í miðbæ Hafnarjarðar, verslunum og þjónustu þar. Einnig eru góðar gönguleiðir til norðurs út í ósnortna náttúru Garðaholts. Íbúðirnar geta verið tilbúnar til innflutnings í lok árs 2012. Sameiginlegur kynningar og sýningarfundur verður haldinn fyrir félaga í Samtökum aldraðra þann 24 nóvember. Kl. 15.00.

Hús Atafis Norðurbakka Hafnarfirði



Sjá upplýsingar í 4. tbl.

Sigtún 40 (Blómavalslóðin)



Eykt er að undirbúa deiliskipulagningu lóðarinnar Sigatún 40, Reykjavík. Gert er ráð fyrir að á lóðinni risi tvö til þrjú fjölbýlishús. Lóðin er ákjósanleg fyrir íbúðarbyggð, m.a. vegna nálægðar við Laugardalinn.

Reiknað er með að rúm svæði verði í kring um húsin og að frágengin lóðin verði með gönguleiðum, gróðri og grassvæðum.

Rík áhersla er lögð á að íbúðir verði bjartar með svalir á móti sólu. Íbúðir verða flestar 3-ja herbergja en 2-ja og 4-ra herbergja íbúðir verða einnig í boði. Lyfta kemur í alla stigaganga og innangengt að þeim úr bílakjallara. Rúmgóð bílastæði í kjallara verða með hverri íbúð auk stæða ofanjarðar.

Gert er ráð fyrir að fyrstu íbúðir á svæðinu geti verið tilbúnar til innflutnings síðla árs 2014.

Lóðin að Skógarvegi 16

þar sem við erum enn á biðlista

Eins áður hefur fram komið var sótt um lóðina Skógarvegur 16 sem borgarráð afgreiddi til umsagnar embættismanna. Í framhaldi viðræðna sem formaður átti við Ágúst Jónsson skrifstofustjóra framkvæmdar sviðs borgarinnar nú í mars byrjun, er umsókn endurnýjuð og komin á fullt skrið í borgarkerfinu og væntum við þess að umsókninni verði svarað jákvætt, því eftirspurn er mikil. Lóðin rúmar 20 íbúðir.

Lýsing á arkitekts af fyrirhuguðu húsi

„Samkvæmt gildandi deiliskipulagi, þá má reisa á lóðin að Skógarvegi 16 þriggja hæða fjölbýlishús auk bílakjallari. Fjöldi fyrirhugaðra íbúða í húsinu er 17 talsins um 120m² hver auk rýmis/salar undir sameiginlega aðstöðu. Þannig yrðu um sex íbúðir á hvorri efri hæðanna en fimm á þeirri neðstu auk sameiginlega rýmisins. Fyrir-komulag íbúða og aðgengi að þeim yrði um lokaðan svalagang frá norðri, en sjálfar myndu íbúðirnar opna sig til suðurs en á þeirri hlið yrðu veglegar svalir. Stigahús og lyfta yrði norðanmegin við húsið og tengjast göngum.

Í kjallara sem í er ekið úr austri, yrði eitt bílastæði auk rúmgóðrar geymslu fyrir hverja íbúð. Tækni og inntaksrými yrðu einnig í kjallara, sameiginleg geymslu fyrir dekk og fleira auk aðstöðu til þvotta á bifreiðum. Tuttugu og sjö bílastæði eru norðan við húsið, þar af fimmtán bílastæði á lóðinni sjálfri.

Húsið er fyrirhugað að einangrað að utan, gluggar verði timbur-álguggar og á svölum verði glerlokanir. Frágangur og skil íbúða verður í takt við það sem tíðkast hefur við seinustu hús ofar í hverfinu.“

Viðaukalóð í Bólstaðarhlíð

Hjá Reykjavíkurborg er nú unnið ótulllega að því að leysa lóðarluta til baka og með nauðsynlegu deiliskipulagi og skapa pláss fyrir tvö 60 íbúða húsa, annað með sjálfseignaríbúðum og hitt fyrir borgina

Bréf frá Reginn ehf, móttekið 1. október

Eins og við höfum kynnt ykkur þá er Reginn ehf. orðinn eigandi að

byggingarreitnum Einholt / Þverholt. Við höfum frá síðasta vori verið að vinna að því að koma framkvæmdum af stað og hugmyndavinnu í tengslum við mögulega endurskoðun á uppbyggingu verkefnisins. Að þeirri hugmyndavinnu hafa komið aðilar eins og Félagsstofnun stúdenta, Samtök aldraðra o.fl. Í maí var áður samþykkt deiliskipulag felt úr gildi vegna formgalla í samþykkt. Tilkynningar vegna niðurfellingar byggingarleyfis barst okkur ekki fyrr en í haust. Þannig að við erum á byrjunarreit með uppbygginguna. Næsta skref, sem er hafið, er að setjast niður með skipulagsyfirlöndum og skapa farveg og vettvang til að vinna að endurskoðun á skipulagi reitsins í sem mestri sátt við umhverfi og hagsmunaaðila.

Atafl og Samtök aldraðra hafa sent Reginn tilboð um frekari samvinnu við hagnýtingu lóðarinnar, vegna óska Regins þar um.

Haghús.

Hyggst hefja byggingu tveggja húsa á lóðinni á Norðurbakka 7-9 með samtals 70-80 íbúðir og hafa boðið samtökunum til viðræðna um samstarf.

Sölulisti notaðra íbúða

Aflagrindi 40

2ja herbergja íbúð á 5. hæð, merkt 05-02 er til sölu. Íbúðin er 69,1 m². Sérgeymsla 3,5 m² er innan íbúðar og í kjallara er einnig sérgeymsla. Á stofu, eldhúsi og gangi er eikarparket. Parket þarfnast lagfæringar. Korkflísar á herbergjum og geymslu. Vinyldúkur á baði. Eldhúsinnrétting, hurðir hvítar með beykikantlímingu. Borðplötur úr beyki. Electrolux eldavél. Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beyki spæni. Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuhorn úr áli og plasti. Hitastýrð blöndunartæki eru í sturtu.

Svalir eru lokaðar með gleri í álprófilum. Gólfíð er flísalagt. Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara. Glæsilegt útsýni er í austur og suður.

Framreiknað verð er kr. 20.320.000,-. Miðast við byggingarvísutölu í feb. 506,6 stig. Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra. Húsgjald er kr. 15.027,- á mánuði.

Aflagrindi 40

2ja herbergja íbúð á 10. hæð, merkt 10-05 er til sölu. Íbúðin er 69,0 m². Sérgeymsla 3,5 m² er innan íbúðar og í kjallara er einnig sérgeymsla. Á stofu, herbergi, svefnherbergi, eldhúsi, gangi og geymslu eru korkflísar. Vinyldúkur á baði. Eldhúsinnrétting, hurðir hvítar með beykikantlímingu. Borðplötur úr beyki. Electrolux eldavél. Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beyki spæni.

Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með vinyldúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuhengi er í sturtuhorni. Hitastýrð blöndunartæki eru í sturtu. Svalagólfíð er flísalagt. Svölum er lokað með einföldu gler í álrómmum. Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara. Glæsilegt útsýni er í vestur og norður.

Framreiknað verð er kr 20.420.000,-. Miðast við byggingarvísutölu í feb. 509,0 stig. Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.

Aflagrindi 40 íbúð 0402

- 2ja. herbergja 69,0 m² íbúð á 4. hæð, merkt 04-02 er til sölu.
- Sérgeymsla 3,5 m² er innan íbúðar.
- Á stofu, eldhúsi og svefnherbergi eru nýlagðar gólfílsar 40x40 cm. Öryggisdúkur á baðgólfi. Eldhúsinnrétting, hurðir hvítar með beykikantlímingu. Electrolux eldavél og útsogsvífta frá Rafha.

- Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beykispæni.
- Vinyldúkur er á veggjum í baðherbergi.
- Innrétting með innbyggðri handlaug. Sturtuhengi.
- Tengi fyrir þvottavél í baðherbergi.
- Svölum er lokað með gleri í álprófilum. Gott útsýni. Svalagólfíð er flísalagt.
- Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara.

Framreiknað verð er kr 22.720.000,-.

Miðast við byggingarvísutölu í nóv. 2011, 558,2 stig.

Dalbraut 18 íbúð 0305

- 2ja herbergja 52,0 m² íbúð á 3. hæð, merkt 03-05 er til sölu.
- Geymsla eru innan íbúðar. Geymsla er einnig í kjallara 6,8 m².
- Beykiparket er á stofu, eldhúsi, svefnherbergi. Korkflísar á geymslu. Vinyldúkur á baði.
- Eldhúsinnrétting og fataskápar eru með ljósum hurðum kantlímdum með beyki.
- Innihurðir eru spónlagðir með beyki spæni.
- Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuklefi úr áli og hertu gleri.
- Electrolux eldavél með fjórum hellum. Rafha vífta.
- Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er í kjallara.
- Svalir/Sólskáli Svalir eru lokaðar með tvöföldu renndu opnanlegu gleri í álprófilum.

Framreiknað verð er kr 18.480.000,-. Miðast við byggingarvísutölu í ágúst 555,1 stig. Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.

Dalbraut 20 íbúð 0205

- 2ja herbergja 52,0 m² íbúð á 2. hæð, merkt 02-05 er til sölu.
- Geymsla eru innan íbúðar. Geymsla er einnig í kjallara 6,7 m².
- Korkflísar eru á stofu, eldhúsi, svefnherbergi og geymslu. Vinyldúkur á baði.
- Eldhúsinnrétting og fataskápar eru með ljósum hurðum kantlímdum með beyki.
- Innihurðir eru spónlagðir með beyki spæni.
- Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuklefi.
- Electrolux eldavél með fjórum hellum. Electrolux háfur.
- Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er í kjallara.

Framreiknað verð er kr 18.330.000,-. Miðast við byggingarvísutölu í ágúst 555,1 stig. Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.

Bólstaðarhlíð 41 íbúð 0301

- 2ja herbergja íbúð á 3. hæð, merkt 03-01 er til sölu. Íbúðin er 69,9 m².
- Á stofu, eldhúsi og gangi er nýslípað og lakkað eikarparket. Á svefnherbergi er nýtt eikarparket. Nýr vinyldúkur á baði með hálkuvörn.
- Eldhúsinnrétting er með spónlögðum hurðum. Ný borðplata, eldhúsvaskur og blöndunartæki.
- Fataskápar eru spónlagðir með ljósum spæni.
- Innrétting á baði er með nýrri borðplötu. Búíð er að endumýja handlaug, salerni og blöndunartæki. Sturtuhorn er úr hertu gleri og áli. Tengi er fyrir þvottavél.
- Vandaðar rúllugardínur frá Luxa-flex fylgja með.
- Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara.
- Íbúðin er í mjög góðu standi. Gott útsýni er í norður og austur.

Framreiknað verð er kr 22.030.000,-.

Miðast við byggingarvísutölu í sept. 2011, 557,8 stig. Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.

Bólstaðarhlíð 41 er sjö hæða hús með 32 íbúðum. Húsið er tengt Bólstaðarhlíð 43 sem er þjónustusel á vegum Reykjavíkurborgar. Húsið var afhent til eigenda 1986-1987. Húsgjald er kr 16.132,- á mánuði. Sameiginlegur húsverður sinnir Bólstaðarhlíð 41 og 45.

Bólstaðarhlíð 45 íbúð 0703

- 2ja herbergja íbúð á 7. hæð, merkt 07-03 er til sölu. Íbúðin er 42,9 m².
- Sérgeymsla er á gangi 7. hæð.
- Á stofu, eldhúsi, svefnherbergi og gangi er nýlegt eikarparket. Vinyldúkur á baði. Eldhúsinnrétting er nýleg, spónlögð með eikarspæni.
- Fataskápar eru spónlagðir með ljósum spæni.
- Nýleg innrétting á baði. Tengi fyrir þvottavél.
- Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara.
- Íbúðin er í ágætu standi. Glæsilegt útsýni er í austur og suður.

Framreiknað verð er kr 17.165.000,-. Miðast við byggingarvísutölu í ágúst 2011, 555,1 stig. Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.

Sléttuvegur 13 íbúð 0203

- 3ja herbergja íbúð á 2. hæð, merkt 02-03 er til sölu. Íbúðin er 84,8 m² og bílskúr 23,8 m².
- Sérgeymsla, 5,5 m², er á sömu hæð og íbúðin.
- Á stofu, herbergi, eldhúsi og gangi er nýlegt eikarparket. Á svefnherbergi er nýtt parket.
- Á gólfi baðherbergis er öryggisvinyldúkur. Korkflísar eru á geymslu.
- Allir sýnilegir fletir í eldhúsi eru plastlagðir. Hurðir er kantlímdar með beyki.
- Innihurðir og skápar eru spónlagðir með beyki.
- Í eldhúsi er keramik helluborð, bakaraofn og vífta frá Scholtes. Uppþvottavél frá Favorit.
- Veggir í baðherbergi eru flísalagðir. Handlaug í baðherbergi er innbyggð í innréttingu.
- Sturtuhom er úr áli og hertu gleri. Tengimöguleiki er fyrir þvottavél á baðherbergi.
- Svölum er lokað að hluta með gleri í álstoðum.
- Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er á 1. hæð.
- Heitur pottur og leikfimisrimlar eru á 1. hæð.

Framreiknað verð er kr 28.710.000,-.

Miðast við byggingarvísutölu í nóv. 2011. 558,2 stig. Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.

Sléttuvegur 11 og 13 er 5 hæða hús með 51 íbúð. Á jarðhæð hússins er þjónustumiðstöð sem rekin er af Reykjavíkurborg. Húsið var afhent til eigenda 1992.

Sléttuvegur 21 íbúð 0308

- 3ja herbergja endaíbúð á 3. hæð, merkt 03-08, er til sölu. Íbúðin er 88,1 m² samkvæmt fasteignaskrá Íslands. Sér geymsla með hillum er í kjallara 6,7 m².
- Parket úr eik er á stofu, herbergjum, eldhúsi og gangi. Öryggisdúkur á baði og þvottahúsi.
- Innihurðir, eldhúsinnrétting og skápar eru spónlagðir með eikarspæni.
- Keramik helluborð. Háfur er yfir helluborði.
- Uppþvottavél og ísskápur með frystir fylgir.
- Baðherbergisveggir eru flísalagðir í hæðina 210 cm. Innrétting er með innbyggðri

handlaug. Sturtuklefi er úr áli og hertu gleri. Þvottahús er inn af eldhúsi.

- Svölum er lokað með hertu gleri. Svalagólf er flísalagt.
- Útveggir eru einangraðir að utan og klæddir með lituðu áli.
- Sameiginlegt þvottahús er í kjallara með þvottavél og þurrkara.
- Íbúðin er í mjög góðu standi.

Framreiknað verð er kr 31.456.000,-.

Miðað er við byggingarvísutölu fyrir nóv. 2011, 558,2 stig. Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.

Sléttuvegur 21 er 3ja hæða hús tengt við Sléttuveg 23 með sameiginlegum sal. Í húsinu eru samtals 70 íbúðir. Undir húsinu er bílageymsla. Eitt stæði fylgir íbúðinni. Húsið var afhent til eigenda 2007.

Rúnar S. Gíslason hdl.
Lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Fagleg og persónuleg þjónusta

Eggert Ólafsson löggiltur fasteignasali s. 893 1819

Fasteignafeðgar sýna og selja fyrir þig



Ólafur Eggertsson
BSc Auðlindafræði
Sölufultrúi
S: 821 1408
oli@fasteignasalan.is

Sigurður Eggertsson
Sölufultrúi
S: 659 3878
siggi@fasteignasalan.is

Eggert Ólafsson
Löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumíðlari
S: 893 1819
eggert@fasteignasalan.is

**Við náum árangri í sölu fasteigna
Enginn kostnaður nema eignin seljist
Við aðstoðum þig við að finna eign
Frítt söluverðmat lögg. fasteignasala**

893 1819 • 821 1408 • 659 3878

Fasteignasalan Bær • Malarhöfða 2 • 110 Rvk • Rúnar S. Gíslason hdl löggiltur fasteignasali

Almennur félagsfundur Samtaka aldraðra verður haldinn miðvikudaginn 30 nóvember kl. 16 í Safnaðarheimili Grensáskirkju. Tilgangur fundarins er að upplýsa félagsmenn um möguleg framtíðarverkefni, en um leið, gefa þeim upplýsingar, tæknilegar og fjárhagslegar sem finnast á markaðinum í dag.



GÆÐI Í VERKI BYGGÐ Á ÁRATUGA REYNSLU

Atafl ehf er öflugt alhliða verktakafyrirtæki sem býr yfir viðurkenndri sérþekkingu og starfar víðsvegar um landið. Verkefnin eru fjölbætt og spanna víðtæk svið en sérgrein fyrirtækisins er mannvirkjagerð, viðhald og endurnýjun.

Starf fyrirtækisins er metnaðarfullt og beinist stöðugt að því að bæta og treysta þjónustu við viðskiptavinum ásamt því að auka hagkvæmni.

Atafl leggur áherslu á,

- Áreiðanleika í verki
- Góða þjónustu
- Vandaða þjónustu
- Hagkvæmni